

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum:

1. gr.

Á eftir j-lið 5. tölul. 3. gr. kemur nýr staflíður, k-liður, sem orðast svo: Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

2. gr.

H-liður 14. tölul. 4. gr. orðast svo: Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu.

3. gr.

Við 2. tölul. 6. gr. bætist nýr staflíður, h-liður, sem orðast svo: Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. tölul. 6. gr.:

1. B-liður fellur brott.
2. E-liður orðast svo: Skógræktina.

5. gr.

F-liður 7. tölul. 8. gr. orðast svo: húsnæðisbætur.

6. gr.

Á eftir g-lið 7. tölul. 8. gr. koma þrjú nýjir staflíðir, h-, i- og j-liðir, sem orðast svo:

1. h. Almennar íbúðir.
2. i. Húsnæðissjálfseignarstofnanir.
3. j. Húsnæðismálasjóð.

7. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi, að frátöldu ákvæði 2. gr. sem öðlast gildi 1. október 2016.

Gjört á Bessastöðum, 28. júlí 2016.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.